

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Deiliskipulag vegna uppbyggingar á gististaðarrekkstri á jörðinni Miðhvammi.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 13. júní 2016 tillögu að deiliskipulagi vegna uppbyggingar á gististaðarrekkstri á jörðinni Miðhvammi, sem aukastarfsemi með landbúnaði. Gert er ráð fyrir heilsársrekstri gististaðar í tveimur smáhýsum/frístundahúsum. Skipulagssvæðið nær yfir spildu á milli Hvammavegar (853) og núverandi bygginga í Miðhvammi. Svæðið afmarkast af trjábelti til norðurs, helgunarsvæði Hvammavegar til austurs og aðkomuvegi að núverandi byggingum til suðurs og vesturs. Stærð skipulagssvæðisins er um 1,0 ha.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 12. júlí 2016.

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. júlí 2016